

Stjórnarfundur Leiknar haldinn í Reykjavík 18. ágúst 2010 kl. 10:30  
Fundarstaður: Hjá Mími, símenntun

### Fundargerð

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir, Finnur Gunnþórsson, Hulda Ólafsdóttir, Halldóra Hinriksdóttir, Iðunn Antonsdóttir, Eyrún Valsdóttir og Emil Björnsson.

Í upphafi fundar kynntu fundarmenn sig sögðu frá menntun og helstu viðfangsefnum sínum í starfi.

Dagskrá: 1. Mál: Lesin fundargerð síðasta fundar og borin upp til samþykktar.  
2. Mál: Skipan í starfshópa um innleiðingu framhaldsfræðslulaga.  
3. Mál: Starfsemi Leiknar og verklag haustannar.  
4. Mál: Umboð til Halldóru Hinriksdóttur til úttektar á reikningi félagsins í Íslandsbanka.

1. Mál: Lesin fundargerð síðasta fundar og borin upp til samþykktar  
Fundargerð samþykkt samhljóða

2. Mál: Skipan í starfshópa um innleiðingu framhaldsfræðslulaga

Farið yfir tilnefningar frá aðildarfélögum Leiknar í vinnuhópa mennta- og menningamálaráðuneytis um innleiðingu framhaldsfræðslulaga. Vinnuhópunum er ætlað að móta reglur og leiðir varðandi innleiðingu og útfærslu framhaldsfræðslulaga sem taka eiga gildi 1. okt. 2010

Vinnuhópar: Flokkun og þrepaskipting fullorðinsfræðslu og vottun námskráa. Tilnefning Leiknar: Iðunn Antonsdóttir.  
Viðurkenning fræðsluáðila. Tilnefning Leiknar: Stefanía Kristinsdóttir.  
Reglur um raunfærnimat. Tilnefning Leiknar: Edda Jóhannesdóttir.  
Mat og eftirlit með gæðum. Tilnefning Leiknar: Erla Björg Guðmundsdóttir.

3. Mál: Starfsemi Leiknar og verklag haustannar.

Formaður fór yfir stöðu mála og leggur til að á næsta fundi verði farið yfir gögn aðalfundar og varðar stefnumótun og helstu verkefni.

Einnig að mikil áhersla verði lögð á að fulltrúar tilnefndir í vinnuhópa um innleiðingu framhaldsfræðslulaga verði virkir í upplýsingagjöf til Leiknar.

4. Mál: Umboð til Halldóru Hinriksdóttur til úttektar á reikningi félagsins í Íslandsbanka.  
Umboð undirritað af stjórnarmönnum.

Stefnt að næsta stjórnarfundum 19. okt. kl. 10

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12.

Inga Dóra Halldórsdóttir (sign.)

Eyrún Valsdóttir (sign.)

Hulda Ólafsdóttir (sign.)

Emil Björnsson (sign.)

Finnur Gunnþórsson (sign.)

Iðunn Antonsdóttir (sign.)

Halldóra Hinriksdóttir (sign.)